

Minnisblað

Viðtakandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið
Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Frávikagreining á árshlutauppgjöri Umhverfis- og skipulagssviðs janúar -mars 2023 ásamt viðbrögðum við frávikum.

Eins og fram kemur í uppgjörinu er rekstur USK í aðalsjóði 605 m.kr umfram fjárheimildir og rekstur USK í eignasjóði 111 m.kr. umfram fjárheimildir.

Í meðf. töflu sem er birt í uppgjörinu yfir rekstur USK í aðalsjóði kemur fram að fráviknið er einkum á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (skrifstofa borgarlandsins) 629 m.kr.

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlægar einingar	66	66	0	177	176	0	166	172	-6	276	282	-6	-2,1%
Skipulagsfulltrúi	7	9	-3	58	58	0	15	33	-18	67	82	-14	-17,9%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	368	341	26	109	116	-7	150	142	7	-109	-83	-26	31,7%
Byggingarfulltrúi	32	33	-1	65	64	2	2	8	-6	35	39	-4	-9,7%
Umhverfisgæði	719	689	30	327	284	43	605	591	14	212	186	27	14,3%
Heilbrigðiseftirlit	37	36	0	76	76	0	3	5	-3	42	45	-3	-6,3%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	2	8	-5	0	0	0	202	204	-3	199	197	3	1,4%
Rekstur og umhirða borgarlands	14	14	0	0	0	0	2.250	1.621	629	2.236	1.607	629	39,1%
Samtals	1.245	1.197	48	812	774	38	3.392	2.777	615	2.959	2.354	605	25,7%

Fráviknið er að stærstum hluta vegna reksturs gatna og opinna svæða sem var 623 m.kr. yfir fjárheimildum, sem má einkum rekja til vetrarþjónustu sem var 588 m.kr yfir fjárheimildum. Kostnaður við vetrarþjónustu fyrstu þrjú mánuði ársins var 855 m.kr. og hefur ekki verið hærrí undanfarin ár sjá meðf. töflu.

Ár	Raunkostn.	Áætlun	Mismunur
2018	398	174	-224
2019	411	186	-225
2020	489	206	-283
2021	309	231	-78
2022	688	244	-444
2023	855	267	-588

Erfitt er að áætla kostnað vegna vetrarþjónustu og hefur áætlun því tekið mið af föstum kostnaði en ekki byggð á meðaltalskostnaði undanfarinna ára. Af því leiðir að vetrarþjónustan hefur farið mis mikið fram úr áætlun undanfarin ár sem stýrist af veðurfari.



Í meðf. töflu sem er birt í uppgjörinu yfir rekstur USK í eignasjóði kemur fram að frávikið er 111 m.kr. umfram fjárheimildir.

Málaflokkar USK ES (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2023	Frávik	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2023	Frávik	%
Rekstur USK í eignasjóði	127	145	-18	525	579	-55	-398	-434	36	0	0	0	N/A
Viðhald fasteigna	0	0	0	0	0	0	662	555	107	662	555	107	19,3%
Ferlimál fatlaðs fólks	0	0	0	0	0	0	13	13	0	13	13	0	-2,0%
Færanlegar kennslustofur	0	0	0	0	0	0	0	2	-2	0	2	-2	-100,0%
Útseld þjónusta	43	44	0	0	0	0	49	44	5	6	0	6	N/A
Samtals:	170	189	-19	525	579	-55	326	180	146	681	570	111	19,4%

Frávikið var einkum vegna viðhald fasteigna 107 m.kr. sem skapast af því að framvinda var meiri en áætlun gerði ráð fyrir á fyrstu þremur mánuðum ársins. Gert er ráð fyrir að viðhald fasteigna verði á áætlun í árslok.

Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir að sviðið geti komið á móts við framúrkeyrslu vegna vetrarþjónustu nema þá að litlu leiti miðað við óbreyttan rekstur. Ef gerð verður krafa um að svið þurfi að mæta þessari framúrkeyrslu í vetrarþjónustu verður að skerða þjónustu á sviðinu. Gert er ráð fyrir að rekstur sviðsins fyrir utan vetrarþjónustu verði á áætlun í árslok.

Virðingarfyllst,
Ólöf Örvarsdóttir
Sviðstjóri